

Steinunn Ásmundsdóttir

Austurland nötrar

Framkvæmdir við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði frá 2003 til 2007 eru einar þær umfangsmestu í Íslandssögunni. Þúsundir verkamanna, flestir erlendis frá, unnu að því risastóra verkefni sem stíflugerð, jarðgangnaborun, uppsetning háspennumastra og bygging álvers og hafnargerð voru. Austurland fékk annan svip með framkvæmdunum en aðdragandi þeirra einkenndist þó af miklum átökum þeirra sem virkja vildu og þeirra sem aðhylltust græn sjónarmið. Steinunn Ásmundsdóttir var blaðamaður Morgunblaðsins á Austurlandi meðan á þessu stóð og segir að fróðlegt hafi verið að fylgjast með átökum í fjórðungnum um málið ekki síður en samstöðu, framkvæmdagleði og stórhug sem hafi markað spor.

Skítug og skröltandi járnbrautarlest full af fólki rennur frá aðgangnamunna og inn undir Fljótsdalsheiðina. Kílómetra eftir kílómetra skekst hún inn eftir myrkum borgöngum, öslar vatnsflaum og eðju, framhjá vatnsósa verkamönnum, bergmulningsfæriböndum, loftblásurum og ljóskösturum. Einum 180 metrum undir yfirborðinu og heilli eilífð síðar, nemur hún staðar við risavaxna hellishvelfingu og farþegarnir stökkva af. Í botni hvelfingarinnar er sléttur stafn og búið að teikna þar hring, næstum átta metra í þvermál. Viðbúnaðurinn er mikill og eftirvænting liggur í loftinu.

Handan stafnsins gnístir risabor hárbeyttum tönnum og mylur í sig síðasta metrann sem eftir er, svo vatnsvegur Kárahnjúkavirkjunar sé fullboraður. Þungur dynurinn færast í aukana og heyra má viðstadda grípa andann á lofti þegar fyrsta bergflyksan þeytist fram úr stafninum og brátt koma skerar borsins hver á fætur öðrum í ljós eftir því sem stafninn lætur undan og safnast í gríðarmikla grjóthrógu á hellisgólfinu með tilheyrandi hávaða og

rykmekki. Aðeins munar örfáum sentimetrum á að borinn hafi hitt rétt á hringinn. Firnastór borkrónan stöðvast loks, bjástrað er við að taka einn skerann úr og mannhöfuð birtist. Þar er kominn borstjórinn, knár Kínverji, sem bróltir í gegn ásamt áhöfn borsins, sem mánuðum og árum saman hefur stritað við harðdræg skilyrði. Nú sjá þeir loks árangur erfiðis síns og eru hylltir sem hetjur. Loksins, 5. desember 2006, hefur verið „slegið í gegn“ í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar. Steinunn Ásmundsdóttir, blaðamaður Morgunblaðsins, var á vettvangi.

„Um leið og karlarnir smokruðu sér í gegnum gatið braust út ofboðslegur fögnuður. Menn réðu sér vart fyrir gleði og ómögulegt var annað en að hrífast með. Eftir margra mánaða vinnu, þar sem gangnamenn þræluðu í bleytu og kulda og hvorki gekk né rak á köflum, voru þeir loks komnir í mark, þangað sem þrjóskan og harðfylgið hafði fleytt þeim,“ segir Steinunn. Hún var blaðamaður Morgunblaðsins á Austurlandi frá 2003 til 2008 og skrifaði á þeim tíma hundruð fréttu um framgang mála og af mannlífi í byggðum verkamanna.

Tíu milljónir ára

Aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar frá Háslóni að Teigsbjargi ofan Fljótsdals eru ein lengstu jarðgöng í heimi, 38 km löng, og til viðbótar eru rúmlega 13 km löng göng úr Ufsarlóni sem tengjast inn á stóru aðrennslisgöngin. Alls eru heilboruð og sprengd jarðgöng virkjunarinnar um 72 km. Það var í apríl 2008 sem slegið var í gegn á síðasta legg aðrennslisganganna en borframkvæmdir höfðu þá staðið yfir frá apríl 2008. Þá höfðu bormenn skriðið í gegnum tíu milljón ára sögu af íslenskri jarðfræði og borað sér leið um ýmsar fyrirstöður og ólgandi vatnsaga. Gangnamenn með bora sína létu



Steinunn Ásmundsdóttir

er fædd í Reykjavík árið 1966 og rekur ættir sína austur á land og vestur á firði. Að hefðbundnu námi loknu var hún langdvölum erlendis við ferðalög, störf og nám og kom gjarnan heim á sumrum til að vinna sem landvörður. Árið 1996 flutti hún til Egilsstaða og hefur þar lengst af unnið við blaðamennsku og ljósmyndun. Hún hóf störf fyrir Morgunblaðið sem fréttaritari árið 2000 og var fastráðin blaðamaður 2003 til 2008. Út hafa komið þrjár ljóðabækur eftir

Steinunni og skrif hennar gegnum tíðina liggja víða í blöðum og bókum. Hún hefur verið ritstjóri austfirska héraðsfréttablaðsins Austurgluggans frá 2008.



Sérhverjum áfanga við borun aðrennslisgangna var fagnað og tilefni til því hægt gekk á stundum. Starfsmenn Impregilo á góðri stundu. Fyrir miðju er verkefnisstjórinn Gianni Porta.

Mynd: SÁ

hins vegar ekkert á sér bíta. Sömuleiðis var þrekvirki unnið við byggingu Fljótsdalsstöðvar í Teigsbjargi, en þar var meðal annars sprengdur firnastór hellir fyrir sex aflvélar virkjunarinnar, með aðkomugöngum og fallgöngum fyrir vatnið úr aðrennslisgöngunum frá Háslóni. Orkuvinnsla í Fljótsdalsstöð hófst vorið 2007.

Bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði eru mestu framkvæmdir Íslandssögunnar. Austurland fékk annan svip þegar þangað flykktust til starfa þúsundir manna víða að úr veröldinni, svo til varð um skemmri tíma fjölþjóðlegt samfélag á fjöllum og fjörðum.

Umburðarlyndið skorti

Rætt var um uppbyggingu stóriðju á Austurlandi í áratugi, með hléum þó, allt frá því um miðja 20. öldina. Árið 1997 greindi Halldór Ásgrímsson, þá utanríkisráðherra og þingmaður Austurlandskjördæmis, sveitarstjórnarmönnum í fjórðungnum frá því að Norsk Hydro hefði áhuga á byggingu álvers á Austurlandi. Þetta skapaði væntingar. Reynt var að vinna málinu brautargengi með ýmsu móti, margvíslegar áætlanir voru gerðar og mælistika hagkvæmni og umhverfisáhrifa lögð á áformin. Var rætt um að virkja Jökulsá í Fljótsdal þar sem hluti náttúruvinjarinnar Eyjabakka, sem eru



Meirihluti Austfirðinga studdi framkvæmdir en margir voru líka á móti. Þeirra á meðal var Hákon heitinn Aðalsteinsson sem orti drápur og áhrínisljóð gegn framkvæmdum. Þessi mynd er frá mótmælaaðgerðum við Lagarfljótsbrú.

Mynd: SÁ

gríðland gæsflugla, yrði fórnaf fyrir uppistöðulón. Það mætti harðri andstöðu náttúruverndarsinna. Árið 1999 urðu umræður um Eyjabakka einn helsti átakpunktur þjóðfélagsumræðunnar.

„Sjálfsagt var mikill meirihluti fólks á Austurlandi fylgjandi því að virkja jökulárnar og byggja hér álver, ekki síst eftir að horfið var frá hugmyndinni um Eyjabakkalón og ný útfærsla virkjunarinnar leit dagsins ljós. Hinu verður þó að halda til haga að nokkur hópur var gallharður á móti og fór ekki leynt með. Sumir vildu þó ekki tjá afstöðu sína til að forðast aðkast og óþægindi. Miklu þótti skipta að Austfirðingar stæðu sem einn maður út á við í þessari baráttu og heldur illa séð að varpa skugga á samstöðuna,“ segir Steinunn, sem fluttist austur á land árið 1996. Hún byrjaði í blaðamennsku nokkrum árum síðar og kynntist fljótt að mikilvægt væri að fara með löndum í umfjöllun og róa ekki upp á móti straumi rétttrúnaðar.

Árið 1999 var haldinn einhver fjölmennasti fundur sem fram hafði farið á Austurlandi í áratugi, en þá var félagið Afl fyrir Austurland stofnað í Valaskjálfi á Egilsstöðum. Voru þar innanborðs virkjunarsinnar í hundraðavís.

„Af áhrifafólki, til dæmis fulltrúum í sveitarstjórnnum, var illa séð að andstæðingum virkjunar- og stóriðjuframkvæmda væri gert hátt undir höfði og

raunar þótti af hinu verra að sjónarmiða þeirra væri í nokkru getið. Að vera náttúruverndarsinni varð skyndilega gildishlaðið skammaryrði á Austurlandi, sem hafði þá merkingu að viðkomandi væri á móti því sem kallað var eðlileg framþróun,“ segir Steinunn.

„Sumarið 1998 tók ég að mér að ritstýra tímaritinu Glettingi, Snæfellshefti, þar sem við fjölluðum um náttúrufar á Fljótsdalsheiði og Eyjabakkasvæðinu sem átti að fórna fyrir uppistöðulón Fljótsdalsvirkjunar. Margir lögðu okkur til ágætar greinar, nema hvað heldur minna kom úr ranni Landsvirkjunar en við höfðum vænst og beðið um. Fyrir vikið varð nokkur slagsíða á efni ritsins sem eigi að síður gaf ágæta yfirsýn um málið, bæði einstæða náttúru þessa svæðis og virkjunarstaðinn. Það fékk sérstaka viðurkenningu umhverfisráðuneytisins fyrir vandaða umfjöllun um umhverfismál. Nokkrum dögum eftir útkomu ritsins gerðist það svo að ég hitti af tilviljun einn af þáverandi starfsmönnum Þróunarstofu Austurlands og kallaði hann mig á eintal. Sá var afar ósáttur við blaðið og efnistökin. Náttúruvernd lík þeirri sem fjallað var um í Glettingi væri niðurrífsstarfsemi og ég skyldi aldrei gera neitt þessu líkt aftur ef ég ætlaði mér eitthvað hér austurlands, hvort sem það væri í atvinnu, stjórnárum eða öðru. Svona vinnubrögð væru illa séð. Ég var nokkra daga að meðtaka hve alvarlegar hótanir voru hér undirbyggandi, sem ég veit að voru þó alls ekkert einsdæmi í samfélaginu. Hér skorti á umburðarlyndi gagnvart skoðunum þeirra sem voru mótfallnir því að virkja skyldi. Hlálégt en jafnframt sorglegt dæmi um það var þegar félagar í Afli fyrir Austurland yfirtóku aðalfund Náttúruverndarsamtaka Austurlands í Snæfells-skála í ágúst árið 2000. Þeir skráðu sig í félagið rétt fyrir aðalfundinn, fjölmennu á fundarstað og felldu svo tillögur og breyttu öðrum svo úr varð markleysa. Þetta olli miklu fjaðrafoki.“

Framkvæmdir rúlla af stað

Þó Austlendingar og fleiru réru að því öllum árum að hugmyndir um orkuver og iðjstarfsemi yrðu að veruleika létu Norðmenn bíða eftir sér. Frestuðu ákvörðun um álver á Austurlandi hvað eftir annað og höfðu ýmsar viðbárur. Á útmánuðum 2002 var orðið ljóst að Norsk Hydro hafði sett áform sín um álver á Íslandi á ís til lengri tíma. Vonbrigði þeirra sem unnið höfðu ötullega að framgangi málsins voru mikil því allt útlit var fyrir að málið væri aftur komið á núllið og í sama öngstræti og verið hafði um langa hríð.

Austfirðingar og framámenn þeirra mæddust mjög við þetta. Á þessum tímamarki gerðist hins vegar það óvænta að bandaríska álfyrirtækið Alcoa kom inn í myndina, eða nánast um leið og Norðmennirnir heltust úr lestinni. Fljótt varð ljóst að í viðræðum fulltrúa Alcoa við talsmenn íslenskra stjórnvalda og Landsvirkjun fylgdi hugur máli. Þegar leið á árið voru útlínur málsins orðnar skýrar svo enginn þurfti að velkjast í vafa um að bráðlega

yrði hafist handa um að beisla jötunafl Jöklu og reisa stóra álbræðslu. Samningar við Alcoa um byggingu álvers í Reyðarfirði voru undirritaðir í mars 2003 eða um líkt leyti og framkvæmdir við Kárahnjúka hófust. Landvirkjun bauð út framkvæmdir við gerð Kárahnjúkastíflu og aðrennsliðsgangna sumarið 2002, það er tvo stærstu verkþætti virkjunarinnar. Ítalska verktakafyrirtækið Impregilo var lægstbjóðandi og var raunar vel undir kostnaðaráætlunum. Og þar með var allt komið fyrir vind.

„Morgunblaðið var áfram um að sinna málum á Austurlandi og því var ritstjórnarskrifstofa sett hér á laggirnar. Á því reyndist líka full þörf; umfjöllunarefni voru hvarvetna og óþrjótandi. Fréttastjórnir Ágúst Ingi Jónsson og Sigtryggur Sigtryggsson, sem ég met báða mjög mikils, voru vakandi yfir fréttum af Austurlandi og það var ákaflega gott samstarf og flæði milli Austurlandsfjórðungs og ritstjórnar Moggans í Reykjavík. Einhverju sinni vildi ég ræða sérstaklega við Styrmi Gunnarsson ritstjóra um stórt viðtal sem ég hugðist birta við fólk sem var andvígt virkjunaráformunum, því þar kom sitthvað fram sem ég vissi að yrði viðkvæmt í umræðu eftir á. Styrmir stóð fullkomlega með mér, afréð að við skyldum birta viðtalið með þeim rökum að sjónarmið andstæðinga framkvæmda ættu rétt á sér eins og önnur.“

Öngþveiti á öræfum

Sumarið 2003 rúllaði allt af stað. Framkvæmdir fóru á fullt og urðu stór hluti fréttaskrifa Steinunnar næstu fimm árin. Flutningabílar með varning og efni þvældust hver fyrir öðrum á heiðinni og risavaxnar vinnuvélar streymdu til landsins um Austfjarðahafnir. Á öræfunum inn við Kárahnjúka varð öngþveiti. „Gera þurfti margt í einu enda var hinu risavaxna verkefni settur stífur tímarammi. Starfsmenn Impregilo og undirverktakar hófust sumarið 2003 handa um stíflu- og gagnagerð og reistu búðir starfsmanna á sama tíma. Að gera þetta tvennt samtímis reyndist ekki heppilegt enda fór margt handaskolum,“ segir Steinunn. Þannig urðu til dæmis skattgreiðslur verkamanna Impregilo til íslenska ríkisins og meint vanhöld þeirra áberandi fjölmiðlaefni.

Um miðjan ágúst 2003 skrifaði hún sína fyrstu frétt um aðbúnað verkamanna á Kárahnjúkasvæðinu, en þá neituðu 60 íslenskir starfsmenn Impregilo að sætta sig við aðbúnaðinn í þorpinu sem nefnt var Laugaás að til lögu Þórarins V. Þórarinssonar lögmanns Impregilo. „Í vinnuskálunum voru í byrjun að jafnaði tveir í hverju herbergi, neysluvatnsmál í ólestri og klóakmálin sömuleiðis, þegar flæddi upp úr rotþróum. Engin útiljós voru þarna í kolniðamyrkri fjallanna svo fólk varð að fíkra sig um eftir minni ef það átti ekki vasaljós. Sjónvarp náðist ekki og svona mátti áfram telja. Heilbrigðiseftirlit Austurlands stóð í ströngu líkt og allan virkjunartímann.



Hafist var handa um framkvæmdir á árinu 2003 þar sem notuð voru stærri verkfæri en áður höfðu sést á Íslandi. Risaborarnir vöktu efiirtekt. Mynd: SÁ

Þarna var stéttskiptingin mjög áberandi, sæmilega var búið að Ítölunum, sem yfirleitt höfðu sér herbergi og bærulegar aðstæður. Portúgalarnir höfðu það hins vegar langverst og hjá þeim voru launamálin líka lengi vel í tómu skralli, uns íslensku verkalýðshreyfingunni tókst að knýja fram úrbætur fyrir þeirra hönd.“

Á blankskóm í hríðinni

En þótt skálum í starfsmannabúðunum inn við Kárahnjúka væri komið í skikkjanlegt horf varð öðru ekki breytt. Kári var í jötunmóð og nú sótti kuldinn að mönnum. Þennan fyrsta vetur framkvæmda jukust kaup á ullarnærfötum, húfum og vettlingum í kaupfélaginu á Egilsstöðum til muna. Í bensínstöð Esso inn við Kárahnjúka seldust ullarsokkar sem heitar lummur því þeim hundruðum erlendu verkamanna sem voru á svæðinu var kalt á fótunum!

„Í október 2003 var ég með frétt á forsíðu Moggans af starfsmönnum Impregilo sem tróðu dagblöðum í skóna sína, en þá höfðu hundrað Portúgalir lagt niður vinnu til að mótmæla aðstæðum sínum. Þessa verkamenn vantaði vatnshelda hlýja öryggisskó og hlífðargalla til skiptanna en við komuna á svæðið fengu þeir hjálm, einn vinnugalla og eitt par af vondum skóm.

Annað ekki. Þegar ég skrifaði þessa eftirminnilegu frétt voru sumir verkamannanna í plastpokum í skónum sínum til að halda frá raka og aðrir veikir við störf til að missa ekki laun; loppnir og aumur vegna kuldans og bleytunnar. Ólgan vegna þessa var talsverð og sömuleiðis höfðu fréttir fjölmiðla áhrif á málið. Impregilo hlaut að bregðast við og keypti 300 pör af góðum skóm og sokkum og var þó ekkert áhlaupa- verk að finna í landinu svo mörg skópör í réttum stærðum,“ segir Steinunn.

Snemma árs 2003 gekk Impregilo frá samningum við verktakafyrirtækið Arnarfell ehf. á Akureyri um að annast framkvæmdir við afmarkaða þætti þessa risastóra verks. Systemin Konráðsbörn frá Syðri Brekkum í Skagafirði, sem áttu og ráku fyrirtækið, komu á svæðið með sinn mannskap og voru þar næstu árin eða allt þar til Arnarfelli þraut örendið.

„Sigurbergur Konráðsson, framkvæmdastjóri Arnarfells, sagði að aðstæður þeirra sem störfuðu við Kárahnjúka hefðu áður sést. Ekki væri nýlunda að rigndi ofan í rúmin hjá íslenskum virkjunarmönnum. Þetta voru að mér fannst ekkert sérstaklega góð rök og réttlæta, að mínum dómi í engu afleitan aðbúnað. En svona lítur nú hver sínum augum á silfrið eins og sagt er. Þeir Arnarfellsmenn voru frægir fyrir dugnað og áráði og þóttu góðir liðsmenn við framkvæmdina uns þeir færðust of mikið í fang á síðari stigum verksins.“

Undir lok árs 2003 stífluðu starfsmenn Impregilo og Arnarfells Hafrahvammagljúfur og veittu Jöklu fram hjá stæði fyrirhugaðrar Kárahnjúkastíflu.

„Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Morgunblaðsins, og maðurinn minn, Þorsteinn Ingi Steinþórsson, fóru með mér á virkjunarsvæðið þangað sem við ókum í grenjandi byl. Við mynduðum þegar rutt var í veg fyrir Jöklu. Ýmsir voru viðstaddir, meðal annars sveitarstjórnarmenn, og mér er ákaf-



Starfsmenn Impregilo lögðu niður vinnu vegna slæms aðbúnaðar í október. Þeir höfðu þá meðal annars sett plastpoka í skóna sína til að verjast raka. Brugðist var við eftir að fjölmiðlar komust í málið.

Mynd: SÁ



Fjöldi kvenna vann á Kárahnjúkasvæðinu. Þeirra á meðal var verkfræðingurinn Yrsa Sigurðardóttir sem starfaði við framkvæmdaefirlit á daginn en skrifaði sögur á kvöldin.

Mynd: SÁ

lega minnisstætt að einn þeirra, bóndi af Jökuldal, var í spegilfægðum blankskóm í hriðinni. Skrambi held ég að honum hljóti að hafa orðið kalt, því þetta tók góðan dagpart!“

Kapólsk messa í klettaþröng

Breytan er einföld; þar sem er fólk eru fréttir. Þetta var raunin á Austurlandi og eftir því sem framkvæmdirnar við Kárahnjúka komust á betra skrið og fleiri voru á vettvangi fjölgaði fréttum úr fjórðungnum.

„Það var gaman að kynnst mannlífina á virkjunarsvæðinu. Í júlí 2003 skrifaði ég um konurnar við Kárahnjúka, sem þá voru um 40 talsins. Þeirra á meðal var Yrsa Sigurðardóttir, verkfræðingur og rithöfundur, sem starfaði við framkvæmdaefirlit á daginn en skrifaði skáldsögur á kvöldin. Hún sagði að Ítalirnir þyldu ekki konur í jarðgöngunum, líkt og skipstjórar telja konur um borð váboða. Þeir hefðu samt aldrei véfengt hæfni hennar til jafns við karla á svæðinu. Þetta fyrsta viðtal við Yrsu var tekið úti í móa á fallegum sumardeg. Við sátum á sitt hvorum steininum og fengum okkur smók. Og eftir því sem tímar liðu fór ég að kynnst fólkinu á svæðinu betur og persónuleg kynni tókust. Mér og fjölskyldu minni var til dæmis boðið



Stærstur hluti starfsmanna á Kárahnjúkum var kaþólskar trúar og messur í þeim helgisíð voru sungnar á virkjunarsvæðinu.

Mynd: SÁ

að koma og verja áramótum með 800 starfsmönnum í búðum Impregilo. Yfirmaður í hópnum bauðst til að lána okkur vistarverur og njóta matar, drykkjar og skemmtunar með fólkinu í klúbbhúsinu á gamlárs- og nýársdag. Ég hefði þegið þetta góða boð hefði ég ekki verið með ung börn. Þetta var allt boðið af góðum hug og gestrisni, því ég hafði sýnt lífi fólksins þarna í efra áhuga og eftirtekt. Ég kom oft við í klúbbnum og hitti konurnar þar til að spjalla, ég hitti börnin í grunnskólanum og leikskólanum, hjúkrunarfólkið í sjúkraálmunni, fólkið sem vann í versluninni og karlana á bensínstöðinni, fór í skrifstofuhúsin, á verkstæðin og um allt virkjunarsvæðið á heiðinni og í Fljótsdal. Ofan í hverja holu. Mér var boðið í mat í hverri einustu starfsstöð virkjunarsvæðisins, var í allskonar athöfnum, kaþólskum messum, afmælisveislum og hátíðarhöldum þegar einstökum áföngum sem náðust var fagnað. Ég man sérstaklega eftir kaþólskri messu sem haldin var í einum af aðgöngum virkjunarinnar. Langflestir starfsmanna við framkvæmdirnar voru kaþólikkar og það virtist mjög dýrmætt fyrir fólkið að hitta bæði nunnur og kaþólskan prest. Að verða vitni að messu með tilheyrandi kaþólsku ritúali í klettaþröng, með þriggjabómu bor aftan við altarið og allt um lykandi bergveggi, var einstakt. Minnisstæðir eru einnig tónleikar skömmu fyrir jólin 2007 sem Arnarfell bauð til í 15 metra hárrí hellishvelfingu 160 metrum undir yfirborði jarðar í Jökulsárgöngum austan Snæ-

fills. Kristján Jóhannsson söng þar svo bergið titraði og viðstaddir brynntu músunum og léttuveit Viggós Brynjólfssonar, rúmlega áttæðs ýtustjóra, lék ásamt Dúkkulísunum og portúgölsku tríói,“ segir Steinunn og heldur áfram:

„Ég hafði alltaf óskaplega gaman af því að fara ofan í öll göng virkjunarinnar, maður var skítugur upp á augabrúnir, með hjálm á hausnum og í öryggisklæðnaði vaðandi vatn og leðju og með vélagnýnn í eyrunum. Sumir spurðu mig hvort ég fengi aldrei innilokunarkennd en það var ekki. Ég skemmti mér ævinlega konunglega. Einhverju sinni bar einn af verkfræðingum virkjunarinnar mig á bakinu yfir vatnseig, það var fyndið og ég man að mannskapurinn í göngunum flissaði mikið. Þá var verið að loka á milli aðkomu- og aðrennslisganga. Ég man að fljótlega eftir að ritstjórnarskrifstofan á Egilsstöðum opnaði sendi ég inn fyrirspurn til Morgunblaðsins um hvort ég mætti kaupa mér kuldagalla, stígvel, öryggisskó, hjálm og vesti á kostnað blaðsins, því þetta voru oftast nær mín vinnuföt á fjöllum. Svo kom líka í góðar þarfir að Moggabíllinn sem ég hafði til afnota var góður í snjó og leirdrulluakstri, en stundum var nú samt gripið til skóflunnar í skottinu og mokað frá.“

Hjartað hætti að slá

Nær 2.000 slys og óhöpp, misalvarleg þó, urðu á Kárahnjúkasvæðinu meðan á framkvæmdum þar stóð. Fimm létust af slysförum á framkvæmdatímanum, fjórir á framkvæmdasvæðinu sjálfu og einn við línulagnir á Fljótsdalsheiði. Þrír þeirra sem létust voru íslenskir en tveir erlendir. Steinunn segir að í kjölfar þessara slysa hafi verið eins og hjartað í framkvæmdinni hætti að slá um stundarsakir. Allir voru niðurlútir og beygðir. Risaframkvæmdin var að taka sinn toll. Er henni eftirminnilegt hvernig sóknarprestarnir Lára G. Oddsdóttir á Valþjófsstað og Jóhanna Sigmarsdóttir á Eiðum sinntu mannskapnum í kjölfar þessara áfalla, þær hafi lagt mikla alúð í sálu-sorgun og huggun sem menn þurftu svo sannarlega á að halda.

„Það versta sem ég hef gert á mínum blaðamannsferli var að fara inn í Egilsstaðakirkju í minningarstund sem þar var haldin í kjölfar banaslyss þar sem gröfumaður hjá Suðurverki lést. Þetta var í apríl 2006,“ segir Steinunn. „Vinnufélagar mannsins sátu hnípnir og jafnvel grátandi á bekkjunum og ég reyndi að vera ósýnileg með myndavélina. Að sinna þessu var hrein andstyggð, en gert að beiðni fréttastjóra Morgunblaðsins. En svo merkilega vildi til að nokkru síðar höfðu aðstandendur mannsins samband við mig og báðu um myndir frá athöfninni. Þá fannst mér ég geta bætt fyrir átroðsluna. Ég sat líka þrjá daga í réttarhaldi hjá Héraðsdómi Austurlands vegna dauðsfalls í stíflustæðinu, þar lést starfsmaður Arnarfells og ýmsir voru sakadír um vanrækslu í öryggismálum. Öllum leið skelfilega og voru miður

sín. Viðkomandi voru svo sýknaðir af ákærum.“

Fálæti og fordómar

Virkjunarmenn átti jafnan frí á sunnudögum og komu niður í Egilsstaði, þangað sem voru skipulagðar ferðir. Þegar í Egilsstaði kom var hins vegar fátt við að vera. Kárahnjúkakarlar röngluðu um göturnar, litu við í kaupfélaginu, Bónus og söluskálanum og biðu þar eftir ferð upp í fjöllin aftur.

„Mér fannst til mikillar minnkunnar að ekki væri komið upp einhverri aðstöðu fyrir þessa menn hér á Egilsstöðum,“ segir Steinunn. „Málið var vissulega skoðað af yfirvöldum en lítið gert þrátt fyrir góð orð þar um. Þessum mönnum og þeim fjölskyldum sem voru á Kárahnjúkum var ekki sýnd sú gestristni sem þau áttu svo sannarlega skilið. Fyrir vikið kynntust Héraðsbúar menningu og síðum fólksins sem bjó og vann inni á fjöllum ekki nema að litlu leyti. Þarna held ég að bæði við heimafólkið og bæjarstjórnin hafi sýnt sinnuleysi. Sumir Egilsstaðabúar forðudust hreinlega að fara í miðbæinn á sunnudögum. Sjálf fór ég oft með börnin mín niður í bæ á sunnudögum. Kínverji sem ég hitti í sjoppunni spurði hvort hann mætti taka mynd af dóttur minni og strjúka yfir höfuð hennar. Og hvort hann mátti! Þetta voru karlar sem voru þreyttir, skítugir, lifðu við ömurlegar aðstæður, söknuðu síns fólks og áttu skilið að við sýndum þeim góðsemd. Jafnvel þó einhvers lags rustamennska liti dagsins ljós annað kastið; slíkt er ekki „sérútlenskt“ fyrirbæri!“

Fálætið sem Kárahnjúkakörlum var sýnt af heimafólki skýrist sjálfsagt að einhverju leyti af framtaksleysi og jafnvel fordómum, segir Steinunn.

„Vinur minn einn á skrifstofu Impregilo, Liang Yan, sagði Íslendinga gott fólk og þeir fáu heimamenn sem gæfu sig á tal við sig væru vingjarnlegir. Það væri þó mjög erfitt að ná sambandi og Bónus og sjoppan hæpinn vettvangur fyrir skoðanaskipti. Hann kallaði eftir íþróttatímum, kaffiþóðum, veislum, skoðunarferðum og jafnvel dansleikjum um miðjan dag, til að fá að kynnast fólki. Yfirstjórn sveitarfélagsins var í sambandi við yfirmenn Impregilo, en það hentaði þeim síðarnefndu ágætlega að hafa sitt fólk sem mest í búðunum til að koma í veg fyrir áreksra. Venjulegir starfsmenn þráðu hins vegar meiri samskipti, en af þeim varð ekki, nema kannski rétt á árlegum þjóðahátíðum. Þó má ekki gleyma því að Soroptimistakonur á Austurlandi komu á gagnkvæmum samskiptum við konur og börn á virkjunarsvæðinu ásamt Tengslaneti austfirskra kvenna og eitthvað var um heimsóknir Kárahnjúkabarnanna í leikskóla og grunnskóla á Fljótsdalshéraði. Ég man eftir yndisfögurum degi á Skriðuklaustri í Fljótsdal þar sem haldin var afmælisveisla og Kárahnjúkabörnin nutu þess að hlaupa um iðjagræn túnin og tína sér blóm í vönd. Það var ekki eins og þau gerðu mikið af því í drullusvæðinu utan við búðirnar þar sem þau bjuggu, þó móarnir fjær væru



Fólk af fjöllum sótti talsvert niður á Hérað. Miður er, segir Steinunn, að ekki var tekið á móti því afrausn og því sýnd tilhlýðileg virðing.

Mynd: SÁ

yndælir um hásumarið. Það henti nokkrum sinnum að á Héraði voru haldnir dansleikir þar sem brutust út slagsmál milli Íslendinga og hinna erlendu verkamanna, þar sem slegist var um konur. Mannseðlinu verður víst aldrei breytt! Fyrirfram var vitað að konum hér yrði ekki liðið að dufla við karlpeninginn á Kárahnjúkum og ef slíkt gerðist fóru sögur af stað. Almenningsálitið lætur ekki að sér hæða. Þær konur sem urðu elskar að mönnum í efra fóru afar dult með það og földu slóð sína. Annars geturðu rétt ímyndað þér að einhverntíma var gengið út í sumarnóttina á Fljótsdalsheiðinni og hér og hvar um landið eru nú lítil börn með yfirbragði manna í sunnanverðri Evrópu.“

Heimspækilegur og ljóðrænn

Steinunn kveðst enga tölu hafa á því hve margar fréttuferðir sínar á virkjunarsvæðið urðu. Þær skipti hundruðum. Alltaf hafi eitthvað nýtt borið fyrir augu og engin ferð verið annarri lík.

„Stundum kom fyrir í þessum ferðum mínum að Kárahnjúkum að ég sat föst í ófærð og sá hvorki himinn né jörð. Væmir starfsmenn í framkvæmdaefirlitinu drógu mig stundum upp ef ég sat pikkföst í sköflum. Þegar framkvæmdirnar hófust þekkti ég Fljótsdalsheiðina lítið en átti eftir að kynnast



Sigurður Arnalds, talsmaður Kárahnjúkavirkjunar, ræðir við fólk í kynnisferð um svæðið. Til vinstri má sjá Gunnþórunni Ingólfssdóttur oddvita Fljótsdalshrepps. Mynd: SÁ

henni vel. Þetta er einstakt landssvæði, sama hver árstíðin er. Þarna sá ég hreindýrahópa í dimmum vetraréljum, álfþapör að vori, gæsir, lóur, spóa og einstaka kindur. Þetta er einstakur fjallasalur þar sem Snæfellið gnæfir yfir og í góðu veðri sést til jökla og vestur til Herðubreiðar. Það var sömuleiðis gaman að fara um Kárahnjúkasvæðið með Sigurði Arnalds, sem var talsmaður virkjunarinnar. Sigurður, sem hafði fjölþættu hlutverki að gegna við yfirstjórn framkvæmdanna, er heimspekilegur og ljóðrænn í hugsun. Í tungutaki sínu gat hann alltaf sameinað virðingu fyrir náttúrunni, fegurð landslagsins og það verkfræðilega afrek sem þarna var unnið. Og þetta tókst honum að vefja saman á þennan einstaka og yndislega hátt svo úr varð heilleg mynd. Hann var farsæll í starfi, bæði sem talsmaður þessa stórverkefnis og ekki síður við að leysa ýmsa hnúta og deilur sem upp komu.“

Steinunn átti sömuleiðis mikil samskipti við Gianni Porta sem var verkefnisstjóri Impregilo á Íslandi. „Hann var skemmtilegur viðmælandi, fjölmiðlamönnum vel aðgengilegur og hafði góða yfirsýn á alla þætti framkvæmdarinnar,“ segir Steinunn. Greinargott viðtal hennar við Porta birtist í Morgunblaðinu 15. október 2007 þar sem hann sagði að bygging Kárahnjúkavirkjunar væri eitt erfiðasta og best unna verkefni Impregilo í langri sögu fyrirtækisins, því aðrennslisgöngin væru ein lengstu heilboruðu göng

veraldar.

„Umfang framkvæmdarinnar er heldur ekki venjulegt. Við erum sáttir við okkar greiðslur og sé litið til hins gríðarlega mannafla sem þurfti til að byggja virkjunina, má segja að hún sé jafnvel einhver ódýrasta framkvæmd sinnar tegundar í heimi þegar upp verður staðið,“ segir Porta í viðtalinu. Þar sagði hann ennfremur að verkefnið hefði verið óvenjulega mannfrekt og að setja saman starfsmannahóp af 45 þjóðernum án þess að kastist verulega í kekki væri stórmál. Vatnsaginn í gangnagerðinni hefði skapað vandkvæði og kallað á sértækar lausnir. Á köflum hefði verið unnið á 23 stöðum í göngunum samtímis þar sem skipuleggja þurfti vinnu 700 manna og allskyns tækja og tóla.

„Þessi fimm ár á íslenska hálandinu snúast ekki aðallega um peningana fyrir verkið. Áhugi starfsmanna okkar, stolt og einbeittur vilji til að sigrast á erfiðum aðstæðum, hefur gert þeim kleift að þrælast í gegnum oft á tíðum næsta óbærilegar kringumstæður og erfiðleika á hverjum degi,“ sagði Porta.

Steypa í þúsund einbýlishús

En vikur þá sögunni niður á Firði. Þegar stjórnendur Alcoa höfðu gert upp hug sinn um álver á Reyðarfirði og samningar voru undirritaðir, hófst undirbúningur framkvæmda. Gengið var til samninga við hið alþjóðlega verktafyrirtæki Bechtel sem annast hefur 22 þúsund verkefni í 140 löndum og sinnt mörgum stærstu framkvæmdum í heimi. Íslenskir verktakar voru ráðnir til að sinna nokkrum af sérhæfðari þáttum við framkvæmdir.

Fyrsta skóflustungan að álverinu var tekin 8. júlí 2004. Framkvæmdir hófust raunar á því að reistar voru vinnubúðir fyrir 1.600 manns en á háönninni var fjöldi starfsmanna Bechtel, sem flestir komu frá Póllandi, á því róli, auk þess sem fjölmargir sinntu afleiddum störfum. Og slíkt var umfang framkvæmdarinnar að ekki veitti af öllum vinnufúsum höndum. Á álverslóðinni reis heill skógur byggingakrana og vinnuvélar voru í hundruðatali. Magntölur geta hugsanlega brugðið einhverju ljósi á umfangið en í byggingu iðjuversins fóru nær 25 þúsund tonn af burðarstáli, tæpir 80 þúsund metrar af pípum og steinsteypa sem hefði dugað í þúsund einbýlishús. Stærstu byggingarnar eru kerskálarnir tveir, hvor um sig 1.000 metrar á lengd, 25 metrar breiðir og því um 55 þúsund fermetrar að flatarmáli.

„Það var mikill munur á því að afla upplýsinga af því sem var að gerast á Kárahnjúkasvæðinu og svo byggingu álversins,“ segir Steinunn. „Við fengum ævinlega góðar móttökur hjá starfsfólki Bechtel og Alcoa en nándin við framkvæmdirnar sem slíkar varð aldrei söm og var inni á fjöllum. Meira var um formlega upplýsingafundi og umgjörðin fyrirsjáanleg. Annars var ekki annað hægt en að dást að því hve vel menn leystu hvern verkþáttinn á fætur öðrum og allt gekk smurt fyrir sig,“ segir Steinunn, og bætir við að sú stefna



Mál gengu greitt fyrir sig þegar Alcoa hafði afráðið að fara í álversframkvæmdir á Reyðarfirði og verktakafyrirtækið Bechtel reisti verksmiðjuna á skömmum tíma.

Mynd: SÁ

í upplýsingamálum sem rekin var við byggingu álversins hafi um margt verið áþekkt þeim miklu öryggiskröfum sem Bechtel gerði og er þekkt fyrir. Enginn fór inn á álverslóðina nema í sjálflýsandi öryggisvesti og með viðeigandi passa, í vinnuskóm og með hjálm og hlífðargleraugu. Þá giltu margvíslegar reglur sem starfsmönnum bar að fylgja, svo sem að gæta öryggis í hvítvetna, halda vinnusvæðinu hreinu og vera með alla hluti á réttum stað. Þetta skilaði árangri því starfsmenn Bechtel náðu að vinna alls 2,6 milljónir vinnustunda við álversframkvæmdina án þess að orðið hefði slys sem leiddi til vinnutaps.

„Við blaðamenn þóttumst vita að svona einfalt væri málið ekki og þarna hefðu orðið nokkur slys sem aldrei komust í hámmæli. Slíkt er þó aukaatriði í þessu sambandi, því hvernig Bechtel stóð að öryggismálum var til mikillar fyrirmyndar. Þeir komu með algjörlega ný viðmið inn í íslenska byggingastarfsemi. Mér þótti til dæmis merkilegt þegar ég kom inn á álverslóðina þegar framkvæmdir voru að hefjast og skurðgrafa, sem þar var notuð, var á mottu svo olía læki ekki niður í jarðveginn. Ef karlarnir fóru út að húsvegg til að pissa var tekið hart á slíku og þeim jafnvel vikið úr starfi, eða svo var hermt í þeim ótalmörgu sögum sem spunnust um þær stífu reglur sem fyrirtækið fylgdi.“

Steinunn segir að svo virðist sem samskipti Bechtel og svo í kjölfarið Al-



Frá formlegri gangsetningu álversins á Reyðarfirði þar sem ráðherrar og fleiri voru kallaðir til. Fáar framkvæmdir hafa verið jafn umdeildar og í málinu komu fram skýrar hugmyndafræðilegar andstæður.

Mynd: SÁ

coa við heimafólk, hafi verið til fyrirmyndar. Tekist hafi uppbyggilegt samstarf milli fyrirtækjanna, sveitarstjórnarinnar og heimafólks. „Alcoa Fjarðaál lætur sér augljóslega annt um ímynd sína hér og kemur að ýmsu uppbyggingarstarfi og samfélagsmálum á mjög jákvæðan hátt. Ekki er annað hægt en að bera fyrir því virðingu. Þá hafa stofnanir eins og Verkmenntaskóli Austurlands, Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, íþróttahreyfingin og æskulýðs- og menningarsamtök notið góðs af vinnuframlagi starfsmanna álversins og fengið styrki úr sjóðum fyrirtækisins. Um leið er rétt að taka fram að Landsvirkjun hefur einnig lagt fjármuni og vinnu til ýmissa þarfra samfélagsmála hér á Austurlandi.“

Mótmælendur afgreiddir ódýrt

Fáar framkvæmdir á Íslandi hafa verið jafn umdeildar og bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa á Reyðarfirði. Í aðdraganda þess að hafist var handa var víða mótmælt og bent á að framkvæmdir kynnu að vera skammgóður vermir fyrir hagkerfið og óafturkræf umhverfisáhrif væru mikil. Aðrir töldu ávinningin mikinn og augljósan.

Fólk úr röðum samtakanna Saving Iceland lét nokkuð að sér kveða. Fólk undir þeim merkjum kom austur á land til mótmælaagerðar sumarið 2005 og aftur árið eftir. Þá voru hópurinn orðinn sýnu fjölmennari og greip til



Náttúruverndarsinnar á Fljótsdalsbæði rituðu nöfn þeirra þingmanna og ráðherra, sem samþykktu Kárahjúkavirkjun, á grjóthnullunga og lögðu í lónstæði Hálslóns, svo vatnaði yfir þegar fyllti í lónið.

Mynd: SÁ

margvíslegra aðgerða á virkjunarsvæðinu, s.s. að hlekkja sig við vinnuvélar og valda margvíslegri truflun annarri. Lögregla brást hart við þessu og handtók fólkið sem aftur sakaði laganna verði um harðýðgi.

„Hér á Austurlandi voru sjónarmið Saving Iceland afgreidd ódýrt og sagt að þetta væru atvinnuótmælendur, krakkar sem þyrftu málstað og færu land úr landi til að mótmæla því sem hentugast væru hverju sinni. Aðgerðirnar voru með öðrum orðum afgreiddar sem heimskupör. Vissulega má slíkt til sanns vegar færa að einhverju leyti en hitt verður að fylgja með að þarna var líka prýðilega vel meinandi fólk sem hafði lesið sér til um málið og var sannfært um að virkjun og álver væru of dýru verði keypt með tilliti til umhverfisáhrifa. Meint harðræði lögreglunnar, þegar mótmælendur voru handteknir, var umtalað og þar vitum við sem fylgdumst með að bæði lið fóru yfir línuna. Mótmælendur gengu of langt og það gerðu lögreglumenn líka, kannski vegna þess að þeir höfðu ekki áður tekist á við mál lík þessu.“

Þær andófsaðgerðir sem hæst ber, að mati Steinunnar, voru þegar andófsmenn héngu svo klukkustundum skipti í háum byggingarkrana á álverslóðinni og allt ætlaði um koll að keyra. Þetta var í ágúst 2006. Daga á undan höfðu mótmælendur hafst við í tjöldum í heimatúni Guðmundar Beck,



Stíflan við Kárahnjúka er tæpir 200 metrar á hæð og var hönnun hennar mikil verkfræðileg þraut. Innan stíflunnar er Háslón, megin vatnsmiðlun aflvéla Fljótsdalsstöðvar.

Mynd: SÁ

bónða á Kollaleiru í Reyðarfirði. Það var svo í úthlaupi að morgni 16. ágúst sem Kollaleirubóndinn fór inn á álverslóðina með því að klippa sig í gegnum mannhæðarháa girðingu. Þrettán aðrir mótmælendur dreifðu sér um álverssvæðið á hlaupum. Lögregla náði flestum fljótlega en þrennt klifraði upp í 70 metra háan byggingarkrana með flögg, kaðla, siglása og vistir. Lögregluþjónar og björgunarsveitarmenn náðu einum kranamanna fljótlega en langt var liðið á dag þegar tvö þau síðustu náðust, karl og kona, sem voru látin síga niður eftir að sérsveitarmenn lögreglu höfðu talað þau til. Talsvert upphlaup varð líka þegar nokkrir mótmælendur ruddust inn á skrifstofu verkfræðistofunnar Hönnunar á Reyðarfirði og settu slagbrand fyrir.

Þá var þáttur félaga í Náttúruverndarsamtökum Íslands drjúgur í ræðu, riti og aðgerðum og varð oft tilefni til fréttaskrifa.

Magnþrungið og örlagaríkt

Og svo fór að sjást fyrir endann á þessum miklu framkvæmdum. Í septemberlok 2006 var stíflan við Kárahnjúka, sem er tæpir 200 metrar á hæð og hæsta grjótsstífla með steyptri vatnskápu í Evrópu, risin og þá voru lokur hjárennslisgangna settar niður og byrjað að safna vatni í Háslón, sem tók nærri heilt ár.

„Þegar vatnssöfnun í Háslón hófst held ég að allir hafi fundið að eitt-hvað magnþrungið og örlagaríkt hafði gerst. Upplifunin var jákvæð eða nei-



Álverið við Reyðarfjörð var reist á skömmum tíma en hæst hóaði voru um 1.600 verkamenn á svæðinu. Bandaríska verktakafyrirtækið Bechtel annaðist framkvæmdir.

kvæð eftir því hver átti í hlut, en þegar lokurnar runnu hægt niður var eins og Kárahnjúkavirkjun yrði fyrst staðreynd. Við skoðuðum gríðarlegan leirframburðinn í botni hjárennslisganganna, þar voru þúsundir tonna af jökulleir sem bylgjaðist eins og risavaxnir öldufaldar út í árfarveginn. Og handan stíflunnar varð áin bergvatnsblá. Ég hafði tal af íbúum við Jöklu þennan dag og fólk var hrært. Ýmist yfir því að losna við andskotans jökulvatnið sem hafði étíð menn og búfénað um aldir, eða vegna óbætanslegs náttúruskaða. Sumir töluðu um að Jökla myndi einn daginn hefna sín, svona væri ekki hægt að gera án þess að nánast yfirnáttúruleg öfl tefldu fram hefnd á einhvern hátt. Tveimur dögum áður en Jökla var öll gekk ég í heilan yndisfagan dag meðfram ánni frá Hafrahvammagljúfrum út Jökuldal, og tók myndir af vatnsfallinu þar sem það sauð og kraumaði í farvegi sínum. Það var mín kveðja til árinna. Allt var þetta býsna dramatískt.“

Niðursveifla eftir uppbyggingu

Vélar Fljótsdalsstöðvar Kárahnjúkavirkjunar fóru á snúning vorið 2007 en uppsett afl hennar eru 690 MW. Formlega var virkjunin gangsett í nóvember 2007. Heildarkostnaður við byggingu virkjunarinnar á verðlagi ársins 2009 er 140 milljarðar króna. Álver Alcoa Fjarðaáls, sem var gangsett í apríl 2007, kostaði ámóta upphæð. Um 450 manns starfa nú hjá Fjarðaáli og um 250 til 300 manns til viðbótar hjá fyrirtækjum sem þjónusta álverið. Árið 2008 flutti Alcoa út vörur fyrir um 92 milljarða króna miðað við gengi dollars í febrúar 2009. Ætla má að ríflega þriðjungur útflutningstekna fyrir-



Kárahnjúkastífla, Háslón á hægri hönd og Fremri-Kárahnjúkur í baksýn. Myndin er tekin ofan af umhverfislustaverki og útsýnispalli Landsvirkjunar, Hringiðu, eftir Jónínu Guðnadóttur.

tækisins verði eftir í landinu.

Þó umsvifin væru mikil meðan á framkvæmdum og uppbyggingu stóð hefur ýmsum þótt ávinningurinn ekki vera jafn mikill og vænst var. Þar kemur meðal annars til að starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum hefur breyst og fólk sem áður vann við sjávarsíðuna starfar nú gjarnan við álvinnslu. Álverið hefur með öðrum orðum ekki verið hrein viðbót við atvinnustarfsemi á fjörðum sem þó var reiknað með.

„Sveitarfélög á Mið-Austurlandi undirbjuggu þensluskeiðið eins og þeim var frekast unnt og þurftu oft að slá í og úr seglum eftir því hvernig vindar blésu. Bæjarstjóri Fljótaldalshéraðs sagði til dæmis að skútunni væri siglt í stórsjó og mestu skipti að henni hvolfdi ekki. Fjárfest var í Fjarðabyggð og á Fljótaldalshéraði fyrir miklar upphæðir og innviðir sveitarfélaganna styrktir, án þess að fullvíst væri hver raunverulegur og eftirsitjandi ávinningur yrði í raun, einkum á Fljótaldalshéraði. Jákvæð uppbygging varð til dæmis í skólum og víða í menningar- og atvinnulífnum um leið og áhrif þenslunnar ruddu sumum fyrirtækjum út. Stjórnendur sveitarfélaga og fyrirtækja á Austurlandi gerðu alltaf ráð fyrir ákveðinni niðursveiflu þegar framkvæmdaskeiðinu lyki. Niðursveiflan hefur hins vegar orðið krappari en reiknað var með, enda voru heimskreppa og fall íslensku bankanna hvergi inni í þeim áætlunum sem gerðar voru.“

Óefað má þó halda því fram að við höfum ekki náð að nýta okkur ávexti uppbyggingarskeiðsins til fulls. Ávinningurinn varð mestur á miðsvæði fjórðungsins meðan svæði í jarðrinum lágu óbætt hjá garði. Samgöngubæt-

ur urðu ekki í neinu samhengi við framkvæmdirnar, þrátt fyrir að Fáskrúðs-fjarðargöng opnuðu 2005, sem var mjög af hinu góða. Hér hafa menn merka sögu um samspil árangurs og mistaka í einu samfélagi og væntanlega má draga af henni lærdóm í framtíðinni. Vonandi verður þessi saga skráð af nákvæmni fyrr en síðar og um leið dregnar fram niðurstöður þeirra mörgu samfélagsrannsókna sem fram fóru á Austurlandi samhliða byggingu virkjunar og álvers,“ segir Steinunn, sem í dag er ritstjóri Austurgluggans, hér- aðsfréttablaðs Austfirðinga.

Mulningsvélin felli lokadóm

„Árin meðan á framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og álverið stóð fór ég ótölulegan fjölda ferða á vettvang, stundum á hverjum degi. Þetta var stór hluti af lífinu og ég saknaði þessara ferða þegar þeim fór að fækka,“ segir Steinunn Ásmundsdóttir.

„Það var óneitanlega forvitnilegt að verða vitni að þeim miklu hræringum og samfélagsbreytingum sem þessu fylgdu. Átökin innan fjórðungs, en líka og ekki síður samstaðan, framkvæmdaglegðin og stórhugurinn markaði hér varanleg spor. Ég efast um að blaðamenn fái mörg tækifæri lík því sem ég fékk. Vonandi lánadist mér að fjalla um þessi mál af þeirri óhlutdrægni sem ég einsetti mér að hafa að leiðarljósi. Austurlandi óx tvímælalaust fiskur um hrygg á þessum árum og ákveðin kjölfesta skapaðist í atvinnulífi og þar með mannlífi. Ég held að réttast sé að hin stóra mulningsvél tímans felli sinn dóm um þessa stærstu framkvæmd Íslandssögunnar. Persónulega geld ég varhug við því að menn fari í náinni framtíð álíka geyst í frekari stóriðju- uppbyggingu. Við eigum hér landkríli, sem enn hefur að geyma einhver stærstu víðerni Evrópu og hugtakið „skynsamleg nýting“ er jafn teygjanlegt og pólitísk sjálf. Þegar öllu er á botninn hvolft hefur þetta allt að gera með hvernig við ætlum tegundinni mannkyni að lifa af á jörðinni í framtíðinni.“

Heimildir

Alcoa – Fjarðaál: Upplýsingar af heimasíðunni www.alcoa.is.

Andri Snær Magnason: Draumalandið – sjálfsbjálparbók handa hræddri þjóð. Útgef: Mál og menning, Reykjavík, 2006.

Atli Rúnar Halldórsson: Orkubrunnur á Austurlandi - svipmyndir úr sögu Kárahnjúkavirkjunar. Útgefandi: Landsvirkjun, Reykjavík, 2009.

Jónas Ragnarsson: Langstersti draumurinn – Morgunblaðið 14. júlí 2002.

Ómar Þ. Ragnarsson: Kárahnjúkar – Með og á móti. Útgef: JPV – útgáfa, Reykjavík, 2004.

Sigurveig Jónsdóttir og Helga Guðrún Johnson: Álver ris. Útgef: Alcoa-Fjarðaál, Reykjavík, 2007.

Steinunn Ásmundsdóttir: Morgunblaðið 2003 til 2007 – fréttir af Austurlandi.